

10. apríl 2017

Byggðarráð borgarbyggðar
Borgarbraut 14
310 Borgarnes

Efni: Tómstundaakstur

Ágæti viðtakandi

Í janúar hófst tilraunaverkefni um tómstundaakstur frá Óðali í uppsveitir Borgarfjarðar. Farið er einu sinni í viku, á þriðjudögum, að lokinni dagskrá í Óðali.

Við undirrituð óskum eftir að bætt verði við tilraunaverkefnið, bætt verði við akstri frá Óðali vestur á Mýrar og í Kolbeinsstaðahrepp. Það er verið að mismuna nemendum í dreifbýlinu með því að bjóða einungis upp á akstur í hluta skólahverfissins sem félagsmiðstöðin þjónar.

Það eru 5 unglingar í 8 – 10. bekk í Grunnskólanum í Borgarnesi, sem búa á því svæði. Næsta vetur verða væntanlega 9 unglingar sem gætu nýtt sér þennan akstur.

Akstursvegalengd frá Óðali að þeim bæ sem fjærst er, eru 39,2 km.

Bíllinn þyrfti að stoppa við alls fjóra afleggjara (miðað við að foreldrar sæki upp á veg).

Undirrituð hafa rætt málið bæði við sviðsstjóra fjölskyldusviðs Borgarbyggðar og tómstundafulltrúa UMSB.

Virðingarfyllst,

Hulda Hrönn Sigurðardóttir, sveitarstjórnarfulltrúi

Finnbogi Leifsson, sveitarstjórnarfulltrúi